

Að taka lán eða spara – bílakaup

Unnið í hópum eða einn og einn. Verkefnið er að svara spurningum 1 - 5 og bera saman muninn á því að taka lán eða spara fyrir kaupum á bíl. Hægt er að nota reiknivélar á vefsíðu Fjármálavít.is/reiknivélar.



Nafn:

Aldur: 18 ára og vinnur með skóla.

Markmið: Kaupa bíl á 1.200.000 kr. Hún á 400.000 kr. og vantar 800.000kr.

Drífa er 18 ára og er í menntaskóla. Eftir 1,5 ár klárar hún stúdentinn og ætlar í háskólanám. Hana vantar bíl til þess að fara í og úr skóla. Hún vinnur með skóla og fær 100.000 kr. útborgað á mánuði. Inn á sparnaðarreikningi á hún 400.000 kr. Nú eru góð ráð dýr því hún getur annað hvort tekið lán fyrir þeim 800.000 kr. sem vantar upp á og keypt bílinn strax, eða verið þolinmóð og safnað fyrir því sem vantar upp á.

1. Ef hún tekur óverðtryggt lán - 800.000 kr.

Hver verður heildarkostnaðurinn við kaupin á bílnum og hvað greiðir hún mánaðarlega af láninu? Miðið við jafnar afborganir í hverjum mánuði. Notið [lánareiknivél](#) og fyllið í eyðurnar.

Lánstími = 3 ár, Vextir = 8%

Afborgun á mánuði = _____

Heildar upphæð til greiðslu = _____

Heildar lántökukostnaður = _____

ÁHK = _____%

2. Ef hún ákveður að spara jafn mikið mánaðarlega og hún myndi greiða mánaðarlega af láninu í lið 1. Hvað tæki það hana marga mánuði að ná 800.000 kr?

Sparnaðarreiknir

Vextir 3%

Svar: _____

3. Hver er heildarávöxtunin á tímabilinu?

Reiknivél – sparað fyrir ákveðinni upphæð

= _____

4. Hver er munur á heildarkostnaði við að taka lán og ávöxtuninni við að spara?

= _____

5. Þegar ávaxta á peninga á bankareikningi er gott að bera saman ávöxtun sparnaðar milli lánveitenda.

Farið á vefsíður bankanna eða notið vefsíðuna [Aurbjörgu](#) til að finna hagstæðasta sparnaðarreikninginn fyrir með binditíma í meira en 1 ár út frá *ÁHK.

Svar: _____

*ÁHK (árleg hlutfallstala kostnaðar) gefur til kynna heildarkostnað við lántöku. Prósentutalan segir til um hve stór hluti árlegra greiðslna af láninu fer í vexti og kostnað

Að taka lán eða spara fyrir síma



Nafn:

Aldur: 17 ára og vinnur með skóla.

Markmið: nýr sími á
179.990 kr. eða á 194.990 kr.

Pétur er 17 ára og stundar nám í menntaskóla. Hann á gamlan síma og langar að kaupa sér nýjan.

Hann er búinn að velta fyrir sér símategundum og er kominn með tvo sem honum líst best á. Hann á hins vegar ekki fyrir símanum og skoðar nú möguleika á að skipta greiðslunum.

1.

Sími A kostar 179.990 kr.

Eftirfarandi er heildargreiðsla eftir mánuði í 18 mánuði og eftir 24 mánuði.

Heildargreiðslan eftir 18 mánuði
198.270 kr.

*ÁHK: 14,79%

Mánaðarleg greiðsla: 10.190 kr.

Kostnaður: 28.370 kr.

Heildargreiðslan eftir 24 mánuði
194.760 kr.

*ÁHK: 14,27%

Mánaðarleg greiðsla: 7.790 kr.

Kostnaður: 24.770 kr.

Sími B kostar 194.990kr.

Eftirfarandi er heildargreiðsla eftir mánuði í 18 mánuði og eftir 24 mánuði.

Heildargreiðslan eftir 18 mánuði
216.270 kr.

*ÁHK: 14,22%

Mánaðarleg greiðsla: 11.690 kr.
Kostnaður: 21.280 kr.

Heildargreiðslan eftir 24 mánuði
223.560 kr.

*ÁHK: 14,35%

Mánaðarleg greiðsla: 8.990 kr.
Kostnaður: 28.570 kr.

a) Hvor síminn ber hærri hlutfallslegan kostnað á ári?

Svar: Sími A í 18 mánuði

b) Hvaða tilboð myndir þú taka?

Svar: _____

*ÁHK (árleg hlutfallstala kostnaðar) gefur til kynna heildarkostnað við lántöku. Prósentutalan segir til um hve stór hluti árlegra greiðslna af láninu fer í vexti og kostnað

2. Honum líst ekki á lánskostnaðinn og ákveður að safna fyrir símanum og leggur fyrir 30.000 kr. á mánuði á 3% vöxtum. Hvað tekur það hann langan tíma að eiga fyrir símanum.

Sparnaðarreiknir

- a. Sími A 179.990kr. = _____
b. Sími B 194.990kr. = _____

Í staðinn fyrir að borga aukakostnað um 20.000 – 30.000 kr. fyrir símann tekur það ekki nema hálf t.ár að safna sér fyrir nýjum síma.

3. Hann íhugaði einnig að kaupa símann og taka lán(jafn lengi og hann er að spara fyrir honum).
Hann bar saman nokkur fyrurtæki sem bjóða honum stutt lán.

Lán: 180.000 kr.

Greiðslur í 6 mánuði

Fyrirtæki A

Heildargreiðsla = 197.511 kr.

Vextir = 12,1%

ÁHK: 36,32%

Mánaðarleg greiðsla: 32.918 kr.

Fyrirtæki B

Heildargreisl = 198.126 kr.

Vextir = 12,7%

ÁHK: 38,85%

Mánaðarleg greiðsla: 33.021 kr.

Fyrirtæki C

Heildargreiðslur = 195.640 kr.

Vextir = 12.3%

ÁHK = 32,3%

Mánaðarleg greiðsla = 31.050 kr.

Hvaða fyrirtæki ætti að hann eiga viðskipti við ef hann tæki lánið?

Svar: _____

Hvað myndir þú gera ef þú værir hann?

Svar: _____

Að taka lán eða spara fyrir bíl

Unnið í hópum eða einn og einn. Verkefnið er að svara spurningum 1 - 4 og bera saman muninn á því að taka lán eða spara fyrir kaupum á bíl. Hægt er að nota reiknivélar á vefsíðu Fjármálavít.is/reiknivélar.



Nafn:

Aldur: 18 ára

Markmið:

Kaupa bíl á 1000.000 kr.

Hún á 400.000 kr. og vantar 600.000 kr.

1. Notið [reiknivél fyrir lán](#) til að skoða kostnaðinn við það að taka óverðtryggt lán í banka til þriggja ára fyrir því sem upp á vantar (600.000 kr.) til að geta fengið bílinn strax?

Fyllið í eyðurnar.

Upphæð láns 600.000 kr.

Lánstími 3 ár (36 mánuðir)

Vextir 8%

Afborgun á mánuði = _____

Heildar upphæð til greiðslu = _____

Heildar lántökukostnaður = _____

*ÁHK = _____ %

2. Ef hún safnar fyrir bílnum og sparar jafn mikið á mánuði og hún myndi greiða af láninu á mánuði í spurningu 1, hvað verður það orðin há upphæð eftir 3 ár?

[Notið sparnaðarreikni.](#)

Vextir 3%

Sparnaðartími 3 ár

Eftir 36 mánuði = _____

3. Hvað mynduð þið gera í hennar sporum? Ræðið.

4. Þegar peningar eru ávaxtaðir á bankareikningi er gott að bera saman ávöxtun sparnaðar milli lánveitenda. Farið á vefsíður bankanna eða notið vefsíðuna [Aurbjörgu](#) til að finna hagstæðasta sparnaðarreikninginn fyrir sparnaðarreikninga með binditíma í meira en 1 ár.

Svar: _____

*ÁHK gefur til kynna heildarkostnað við lántöku. Prósentutalan segir til um hve stór hluti árlegra greiðslna af láninu fer í vexti og kostnað.

Að taka lán eða spara fyrir heimsreisu

Unnið í hópum eða einn og einn. Verkefnið er að svara spurningum 1 - 6 og bera saman muninn á því að taka lán eða spara fyrir kaupum á bíl. Hægt er að nota reiknivélar á vefsíðu Fjármálavít.is/reiknivélar.



Nafn:

Aldur: 19 ára

Markmið:
Heimsreisa sem kostar
1.200.000 kr.

Hann á 200.000 kr. og vantar 1000.000 kr.

1. Vill fara strax og taka lán upp á eina milljón fyrir ferðinni. Hvað þarf hann að greiða af láninu á mánuði í tvö ár og hver er heildarupphæðin sem hann greiðir til baka? Fyllið í eyðurnar. [Notið reiknivél](#)

Upphæð láns = 1000.000 kr.

Lánstími = 2 ár (24 mánuðir)

Vextir 10%

Afborgun á mánuði = _____

Heildar upphæð til greiðslu = _____

Heildar lántökukostnaður = _____

*ÁHK = _____ %

2. Hann ætlar að vinna og eiga þannig fyrir heimsreisunni. Ef hann safnar og sparar jafn mikið á mánuði og hann myndi greiða af láninu á mánuði í spurningu 1, eftir hveru langan tíma kemst hann í heimsreisuna?

[Notið sparnaðarreikni.](#)

Vextir 3 %

Svar = _____

3. Hver er heildarávöxtunin á tímabilinu?
= _____

4. Hver er munur á kostnaði við að taka lán eða safna? _____

5. Hvað mynduð þið gera í hans sporum?

Svar: _____

6. Þegar peningar eru ávaxtaðir á bankareikningi er gott að bera saman ávöxtun sparnaðar milli lánveitenda. Farið á vefsíður bankanna eða notið vefsíðuna [Aurbjörgu](#) til að finna hagstæðasta sparnaðarreikninginn fyrir sparnaðarreikninga með binditíma í meira en 1 ár.

Svar: _____

*ÁHK gefur til kynna heildarkostnað við lántöku. Prósentutalan segir til um hve stór hluti árlegra greiðslna af láninu fer í vexti og kostnað.